

SMS magnsendingar - Skilmálar

1. Efni og gildissvið

- 1.1. Þessir skilmálar gilda um þjónustu Símans hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík, (einnig vísað til „þjónustusala“) í tengslum við veitingu þjónustunnar *SMS Magnsendingar*, samkvæmt þjónustusamningi þess efnis við viðskiptavin.
- 1.2. Með undirritun þjónustusamnings, eða sambærilegri staðfestingu á þjónustukaupum af þjónustusala, t.d. með samþykki á tilboði í tölvupósti eða á vef, er þjónustukaupi jafnframt að staðfesta þessa skilmála og skulu þeir skoðast sem hluti af samningi aðila.
- 1.3. Þar sem ákvæðum þessara skilmála sleppir gilda að öðru leyti skilmálar *Fyrirtækjaþjónustu Símans* og *Almennir viðskiptaskilmálar Símans* á www.siminn.is.
- 1.4. Með þjónustunni er viðskiptavini gert kleift að senda upplýsingar til viðtakanda með SMS skilaboði í gegnum aðgangsstýrða vefsíðu eða vefþjónustu Símans fyrir þjónustuna, sbr. einnig umfjöllun í gr. 2.
- 1.5. Þjónustan er einungis í boði fyrir viðskiptavin á fyrirtækjamarkaði á Íslandi, þ.e. lögaðila, sem hefur fengið úthlutaðar aðgangsupplýsingar að vefsíðu eða vefþjónustu („API“) þjónustunnar, á grundvelli samingssambands við þjónustusala um þjónustuna (hér eftir „þjónustukaupi“).

2. Þjónustan og skyldur þjónustusala

- 2.1. Einungis *Fyrirtækjaþjónusta Símans* getur virkjað þjónustuna hjá þjónustukaupa, n.t.t. með því að veita þjónustukaupa aðgangsupplýsingar að vefsíðu eða vefþjónustu þjónustunnar, nema samið hafi verið sérstaklega um annars konar innskráningaraðferð.
- 2.2. Þjónustan tekur einungis til sendingu SMS skilaboða til íslenskra símanúmera, nema þjónustukaupi hafi sérstaklega samið um annað við Símann.
- 2.3. Þjónustusala ber að tryggja gæði þjónustunnar eftir því sem frekast er unnt m.t.t. aðstæðna hverju sinni. Þjónustusali áskilur sér rétt til að birta nánari upplýsingar um gæða- og/eða þjónustuviðmið í tengslum við þjónustu þessa á vef þjónustusala og/eða með tölvupósti til þjónustukaupa.

3. Skyldur þjónustukaupa

- 3.1. Þjónustukaupa ber að gæta þess að:
 - notkun hans á þjónustunni uppfylli skilyrði laga og reglna, svo sem fjarskiptalög og persónuverndarlög, einkum m.t.t. sendingu SMS skilaboða í markaðslegum tilgangi;
 - innihald skilaboða og/eða efni sem sent er í gegnum þjónustuna uppfylli skilyrði laga og reglna;
 - skrá símanúmer viðtakenda SMS skeyta og innihald SMS skilaboðs, að teknu tilliti til þeirra tæknilegu takmarkana sem í gildi eru á hverjum tíma og upplýsingar þjónustusala á vef hans (svo sem um fjölda stafabla í hverju skeyti);
 - tryggja öryggi aðgangsupplýsinga að vefsíðu eða vefþjónustu þjónustunnar;
 - fylgja leiðbeiningum þjónustusala um notkun þjónustunnar, eins og þær eru hverju sinni á vef þjónustusala;
 - greiða fyrir þjónustuna í samræmi við skilmála þessa, samning aðila og/eða gildandi verðskrá Símans á hverjum tíma á vef þjónustusala.
 - 3.2. Þjónustukaupa er með öllu óheimilt að nota þjónustuna í ólögmaetum tilgangi. Notkun af slíkum toga telst tilefni til handa þjónustusala fyrir riftun á samningi aðila vegna þjónustunnar.
 - 3.3. Þjónustukaupa er óheimilt að framselja þjónustuna, þ.m.t. aðgangsupplýsingar sínar að vefsíðu þjónustunnar, til þriðja aðila án sannanlegs samþykkis þjónustusala.
- ## 4. Verð og gjaldfærsla
- 4.1. Þjónustukaupa ber að greiða fast þjónustugjald mánaðarlega, fyrir aðgengi að þjónustunni, eins og nánar er lýst í samningi aðila, ella í verðskrá Símans. Jafnframt ber þjónustukaupa að greiða fyrir öll útsend SMS skeyti. Vakin er athygli á að hvert útsent skilaboð kann að innihalda fleiri en eitt SMS skeyti vegna fjölda stafa og/eða notkunar á séríslenskum bókstöfum í skilaboðinu, sbr. nánari umfjöllun á vef þjónustusala.
 - 4.2. Að öðru leyti gilda skilmálar *Fyrirtækjaþjónustu Símans* um gjaldfærslu þjónustunnar.

5. Ábyrgðartakmörkun

- 5.1. Þjónustusali veitir þjónustuna án skuldbindinga um vöktun á skeytasendingum viðskiptavina eða viðbragðsþjónustu vegna þeirra.
- 5.2. Þjónustusali ber ekki ábyrgð á öryggisráðstöfunum í upplýsingakerfum eða búnaði viðskiptavinar. Mælt er til að viðskiptavinur hugi að viðeigandi og nauðsynlegum öryggisráðstöfunum við notkun þjónustunnar, einkum við notkun vefþjónustunnar.

6. Gildistaka og skilmálabreytingar

- 6.1. Skilmálar þessir taka gildi frá og með 1. desember 2024 og til þess tíma er nýir skilmálar taka gildi. Breytingar skulu tilkynntar viðskiptavini með hæfilegum fyrirvara.